



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

RAFL2GC03
Raflagnir grunndeildar rafiðna

Kennari:	Pór Stefánsson (P.S) thorst@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum er aðaláhersla á varbúnað, vírsverleika og rafdreifiskápa. Farið er í uppbyggingu á minni húsveitum, staðsetningu á búnaði, lagnaleiðir og brunapéttingar kynntar. Innfeldar og áfelldar lagnir. Farið er í reglugerðarákvæði varnarráðstafana sem varða snerti og brunahættu. Lögð er áhersla á skilning nemanda á varbúnaði, bruna og snertihættu. Nemendur fá þjálfun í notkun mælitækja og lögð er áhersla á fagmannleg vinnubrögð.

Undanfari: RAFL1GB03

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Hættu á skemmdum á búnaði þegar mælitækjum er beitt.
- Reglum um sverleika leiðara miðað við áraun og staðla sem um það gilda.
- Reglum um varnarráðstafanir er varðar snerti og brunahættu.
- Mælitækjum sem notuð eru við bilanaleit.
- Uppbyggingu minni veitna og mikilvægi efnisvals í þær.
- Öryggi þess að hafa skipulag og þrifarlegt á vinnustaðnum.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Mæla einangrunarbilun og spennur í veitum
- Leggja rör og strengi og ganga frá dreifiskáp.
- Lesa úr uppdráttum og fyrirmælum.
- Tengja ýmsar gerðir fjarrofa.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Leggja raflagnir í minni veitur.
- Vinna eftir fyrirmælum.
- Gera sér grein fyrir röð varnarráðstafana í húsveitum.
- Ákveða vírsverleika lagna.
- Einangra, mæla og finna bilun í húskerfi.

Námsefni:

- Rafbók,
- ljósrít,
- gögn á netinu o.fl.

Notkun á tölvu:

Notkun tölvu við námið er mikilvæg alla önnina., en notkun tölvu í tölvuleiki og spjall á netinu í kennslustund er ekki liðin og jafngildir það fjarvist (F). Sama á við um snjallsíma.

Fyrirkomulag námsmats:

Nemendur leysa 5 verkefni á önninni í tímum og skrifa skýrslur heima.

Áfanginn er próflaus og mun vetrareinkunn gilda sem lokaeinkunn. Ætlast er til að nemandi hafi mætingu viðunandi og taki virkan þá í tímum og verkefna vinnu. Í síðasta tíma annarinnar þarf nemandi að taka niður verkefni annarinnar og skila básnum tómun og hreinum, ef ekki verður gengið frá básnum, dragast 50% frá fyrir verkefni 5.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 22. ágúst 2023

Þór Stefánsson

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni
34	23. ágúst	Verkefni 1.
35	30. ágúst	Verkefni 1.
36	6. september	Verkefni 1.
37	13. september	Verkefni 1.
38	20. september	Verkefni 2.
39	27. september	Verkefni 2.
40	4. október	Verkefni 2.
41	11. október.	Verkefni 3.
42	18. október.	Verkefni 3.
43	25. október.	Verkefni 4.
44	1. nóvember	Verkefni 4.
45	8. nóvember.	Verkefni 4.
46	15. nóvember.	Verkefni 5.
47	22. nóvember.	Verkefni 5.
48	29. nóvember.	Verkefni 5.
49	6. desember.	Upprifjun / Frágangur.